

Ed.

355. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 20. október 1905, um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr. laganna orðist þannig:

Hverjum þeim, sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum, getur ráðherra Íslands veitt alment leyfi til málfærslustarfa við landsyfirdóminn:

1. Að hlutaðeigandi hafi leyst af hendi fullkomið lagapróf, er aðgang veitir að embættum hjer á landi, sem lögfræðingar eiga að skipa, sbr. lög nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, 33. gr., og lög nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsriett kandiáata frá háskóla Íslands til embætta.
2. Að hann hafi, að loknu fullnaðarprófi, fengist í 3 ár við málfærslustörf, annaðhvort á eigin hönd eða á skrifstofu málaflutningsmanns, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lögfræðisprófs er krafist til, eða unnið á skrifstofu við slík embætti. Þó nær ákvæði þetta eigi til þeirra lögfræðisnemenda, er ljúka fullnaðarprófi við Háskóla Íslands innan 4 ára eftir að lög þessi hafa gengið í gildi.

3. Að hann fullnægi að öðru leyti þeim skilyrðum, sem útheimtað til þess, að geta fengið embætti hjer á landi.

Hver sá, er slíkt leyfi fær, skal, áður en leyfisbrjefið er afhent honum, undirrita eiðstaf um, að hann skuli flytja þau mál, sem honum verður trúað fyrir, með alúð og trúmensku, og í hvívetna rækja störf sín ráðvæðnislega og með samvísusemi.

Málaflutningsmaður fyrirgerir þessum rjetti sínum, ef hann verður sekur í broti, er að almenningsáliti er svívirðilegt, eða missir fjárráð sín.